



Mánudaginn 10. febrúar 2014 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 17.00 í Húnavallaskóla.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Brynjólfur Friðriksson, Sveinfríður Halldórsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Berglind Baldursdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skólaakstur 2014-2015.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 17.00 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Skólaakstur 2014-2015.

Samningar við skólabílstjóra við Húnavallaskóla gilda út skólaárið 2013-2014. Í útboðgögnum sem samningarnir byggja á kemur fram að mögulegt sé að framlengja þá um eitt ár án útboðs, verði framkvæmd þeirra hnökralaus.

Vegna góðrar reynslu af núverandi fyrirkomulagi við skólaakstur, samþykkti sveitarstjórn þann 17. nóv. 2013, að óska eftir því við skólabílstjóra að gildandi samningar við þá yrðu framlengdir út skólaárið 2014-2015.

Fundað var með skólabílstjórum þriðjudaginn 28. janúar s.l. þar sem óskað var eftir framlengingu á samningum vegna skólaaksturs út skólaárið 2014-2015.

Sex bílstjórar hafa staðfest framlengingu á samningum um skólaakstur.

Sá aðili sem annast akstur á leið 7 Blönduós-Húnavellir-Blönduós, telur sig ekki geta framlengt samning um skólaakstur, nema að framkvæmd hans verði breytt til samræmis við upphaflega áætlun.

Fræðslunefnd leggur til að málið verði skoðað betur.

Fundi var slitið kl. 17,30

Sigríður B. Aadnegard
Jón Gíslason
Þórunn Ragnarsdóttir
Jóhanna Gunnlaugsdóttir
Berglind Baldursdóttir
Sveinfríður Halldórsdóttir
Brynjólfur Friðriksson
Birgir Ingbórsson
Jens P Jensen